

Ársskýrsla Náttúrustofu Vesturlands

2002

Róbert Arnar Stefánsson og
Menja von Schmalensee

Mars 2003

Uppsetning og hönnun: MvS
Ljósmyndir: Starfsfólk NSV (nema annað sé tekið fram)

Efnisyfirlit

Náttúrustofur	4
Hlutverk náttúrustofa	4
Náttúrustofa Vesturlands.....	5
Samtök náttúrustofa (SNS)	5
Helstu verkefni ársins.....	6
Rannsóknir Náttúrustofunnar	6
Minkar	6
Stærð minkastofnsins á Snæfellsnesi	6
Stofngerð minka á Snæfellsnesi og á landsvísu	8
Haförn	9
Nemendaverkefni	10
Hagamýs.....	11
Dýrasvif.....	11
Vöktunarverkefni	12
Vetrartalning fugla	12
Vöktun rjúpnastofnsins	13
Vöktun arnarstofnsins	13
Vöktun refa	14
Þjónustuverkefni	14
Flutningur Keikós til Stykkishólms	15
Rannsóknir á frárennsli í Snæfellsbæ.....	15
Uppsetning heimasíðu.....	16
Uppbygging aðstöðu og búnaðar	16
Samstarf	17
Fræðsla	18
Fjáröflun og aðkoma sveitarfélaga.....	18
Breiðafjarðarnefnd	19
Biomare.....	21
Náttúrufræðisafn í Stykkishólmi.....	22
Starfsfólk.....	22
Ritaskrá og fyrirlestrar ársins	23
Skýrslur	23
Greinargerðir	23
Fyrirlestrar.....	24





Náttúra Vesturlands er einstök, hvort sem litið er á hana í líffræðilegu, jarðfræðilegu eða fagurfræðilegu tilliti, enda býður hún upp á mikla fjölbreytni í öllum þessum þáttum. Það er því deginum ljósara að fyrir líffræðing felast mikil forréttindi í því að hafa Vesturland sem vinnustað.

Náttúrustofa Vesturlands er enn ung rannsóknastofnun og í vexti. Eftir nokkuð brölt í upphafi, hefur vöxtur hennar verið hraður undanfarin tvö ár og er nú staðan sú að komið hefur verið upp fyrsta flokks aðstöðu til líffræðirannsókna á sviðum vistfræði og erfðavistfræði. Mikilvægur áfangi náðist á árinu þegar seinni rannsóknastofan var tekin í notkun en þar verða gerðar krufningar, aldursgreiningar og flokkun og greining sýna. Á árinu unnu mest fimm starfsmenn á Náttúrustofunni en í árslok voru stöðugildin 3,2. Vonir standa til að fjöldi starfsmanna og þar með skilvirkni Náttúrustofunnar eigi eftir að aukast í framtíðinni en til þess er mikilvægt að fá aukin föst framlög til rekstrar.

Náttúrustofur skapa störf og þekkingu á landsbyggðinni og eru því dæmi um jákvæða afleiðingu byggðastefnu stjórnvalda undanfarin misseri.

Við á Náttúrustofu Vesturlands horfum með bjartsýni og eftirvæntingu fram á veginn.


Róbert Arnar Stefánsson,
forstöðumaður



NÁTTÚRUSTOFUR

Árið 2002 var mikilvægt í sögu náttúrustofa því að í maí var lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 breytt á Alþingi (lög nr. 92/2002). Helstu breytingarnar fela í sér að ábyrgð á rekstri náttúrustofanna færist algerlega yfir á sveitarfélög en stór hluti tekna kemur samt sem áður frá ríki. Rekstraraðilar skulu greiða sem svarar 30% af framlagi ríkis, sem er svipað hlutfall og áður. Í samræmi við lög, gerði umhverfisráðherra á árinu samninga við rekstrarsveitarfélögin um rekstur náttúrustofa.

Hlutverk náttúrustofa

Hlutverk náttúrustofa eru fjölbreytt og viðamikil. Þau eru:

- Að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrufræðisóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar.
- Að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.
- Að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni.



Stuðlabergsmyndanir í Purkey á Breiðafirði.



- Að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila.
- Að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar.

Náttúrustofa Vesturlands

Sex náttúrustofur starfa í landinu og var Náttúrustofa Vesturlands sú fjórða sem stofnsett var, árið 1998. Starfsemin fór hægt af stað, m.a. vegna tíðra forstöðumannaskipta, en árið 2001 var stofan formlega opnuð. Sama ár hófst eiginleg starfsemi, m.a. með rannsóknum.

Árið 2002 var gott ár fyrir Náttúrustofu Vesturlands. Uppbygging aðstöðu og búnaðar hélt áfram, starfsfólki fjölgaði og fjölbreytni viðfangsefna hélt áfram að aukast.

Eftir sveitastjórnakosningar í maí var skipuð ný stjórn Náttúrustofunnar, nú í samræmi við breytt lög, þar sem gert er ráð fyrir því að allir stjórnarmenn séu skipaðir af rekstrarsveitarfélagi eða -félögum. Stykkishólmur stendur enn einn að rekstri Náttúrustofu Vesturlands með ríkinu og hefur því umboð til að skipa alla stjórnarmenn. Bæjarstjórn tók hins vegar þá ákvörðun að einn stjórnarmaður yrði tilnefndur af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, þar sem stefnt væri að þátttöku fleiri sveitarfélaga í rekstrinum. Ragna Ívarsdóttir lét af störfum sem formaður stjórnar og eru henni þökkuð góð störf í þágu Náttúrustofunnar. Við formennsku tók Rúnar Gíslason. Stykkishólmsbær tilnefndi sömuleiðis Hilmar Hallvarðsson úr Stykkishólmi en Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi tilnefndu Ríkharð Brynjólfsson frá Hvanneyri. Rúnar og Ríkharð hafa setið í stjórninni frá stofnun stofunnar en Hilmar situr þar í fyrsta skipti.

Samtök náttúrustofa (SNS)

Þann 16. maí var stofnfundur Samtaka náttúrustofa (SNS) haldinn í Reykjavík. Aðilar að samtökunum eru allar náttúrustofur landsins en helstu markmið samtakanna eru að efla samstarf og starfsemi náttúrustofanna ásamt því að stuðla að aukinni fræðslu. Stefnt er m.a. að opnun sameiginlegrar vefsíðu á árinu 2003. Meðal verkefna samtakanna var samantekt um starfsemi og rekstur náttúrustofa auk þess sem samtökin unnu drög að samningi umhverfisráðuneytisins við sveitarfélög um rekstur náttúrustofa.



Stapafell og Snæfellsjökull séð yfir Breiðuvík.



Náttúrustofa Vesturlands er til húsa í ráðhúsi Stykkishólms.



HELSTU VERKEFNI ÁRSINS

Rannsóknir voru fyrirferðarmiklar í starfseminni á árinu. Meðal verkefna voru rannsóknir á minkum, vöktun refa í þjóðgarði, vöktun fuglastofna, þjónusturannsóknir og rannsóknir háskólastúdenta á músum og vatnalíffræði.

Rannsóknir Náttúrustofunnar

Minkar

Rannsóknir á minkum voru fyrirferðarmestar rannsókna Náttúrustofunnar á árinu, líkt og árið á undan. Þær voru tvískiptar, annars vegar voru rannsóknir á stofnvistfræði minksins en hins vegar á stofngerð hans.

Stærð minkastofnsins á Snæfellsnesi

Haldið var áfram með rannsókn á stærð minkastofnsins á Snæfellsnesi og áhrifum veiða á þann stofn, sem hófst árið 2001. Ásamt upplýsingum um stofnstærð fást einnig upplýsingar um náttúruleg vanhöld og ferðir minka. Allar þessar upplýsingar geta nýst til að bæta stjórnun og þar með árangur minkaveiða. Minkaveiðar undanfarna áratugi hafa ekki skilað þeim árangri sem vonast var eftir. Þær hafa vissulega haft



Minkarannsóknir voru fyrirferðarmiklar á árinu. Mynd: Magnús Magnússon.



ákveðið verndargildi við mikilvæg fuglavörp en engin merki eru um að veiðarnar hafi haft áhrif á heildarstærð minkastofnsins á Íslandi.

Með því að þekkja raunverulega stærð minkastofnsins og þar með veiðiálagið á hverju svæði, mætti í fyrsta skipti taka ákvarðanir í sambandi við stjórnun minkaveiða, sem líklegar væru til að skila árangri í samræmi við það fjármagn sem veitt er til veiðanna.

Rannsóknin er á vegum Náttúrustofunnar í samvinnu við Veiðistjóraembættið (sem ber nafnið veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar frá ársbyrjun 2003) og dr. Pál Hersteinsson, prófessor við Háskóla Íslands. Á þessu ári var rannsóknin fjármögnuð af Náttúrustofu Vesturlands og Veiðistjóraembættinu, auk þess sem Alþingi veitti verkefninu veglegan styrk. Fyrsta ár rannsóknarinnar var fjármagnað af Náttúrustofu Vesturlands, Íslenska álfélaginu, Framleiðnisjóði landbúnaðarins og Veiðistjóraembættinu.

Rannsóknin byggir á merkingum og endurheimtum minka og fór þannig fram að minkar voru veiddir í lífgildrum víðs vegar um Snæfellsnes á tímabilinu ágúst-október. Á árinu veiddust 84 minkar eða jafnmargir og árið 2001 og veiddust því samtals 164 minkar til merkingar. Veiðnin árið 2002 var nokkru minni en fyrra árið, þ.e. 3,6 % í stað 5,7% (1. tafla) en það ásamt minni ummerkjum eftir minka síðara haustið, benda til þess að þéttleiki minka hafi minnkað frá fyrra árinu. Ef svo var, þá er ástæða þess óþekkt en þó eru vísbendingar um að nokkrar náttúrulegar sveiflur séu í minkastofninum.

1. tafla. Samantekt á fjölda gildrunátta, fjölda veiddra minka og veiðni í rannsókn Náttúrustofu Vesturlands á Snæfellsnesi árin 2001 og 2002.

	Fjöldi gildrunátta		Veiddir minkar		Veiðni %	
	2001	2002	2001	2002	2001	2002
Ágúst	706	560	36	25	5,1	4,5
September	420	636	28	33	6,7	5,2
Október	335	1138	20	26	6,0	2,3
Samtals	1461	2334	84	84	5,7	3,6

Minkar voru merktir á tvennan hátt: Annars vegar með örmerki undir húð, þannig að greina mætti einstaklinga þegar þeir endurheimtust, en hins vegar með frostmerki á utanverðu læri afturfótar. Heppnist frostmerki, kemur það fram sem hvít hár eða hvítur blettur á lærinu, sem veiðimenn geta greint. Ekki er þó tryggt að merkingin hafi ávallt tekist vel og er því mikilvægt að Náttúrustofunni berist allir veiddir minkar til skoðunar.

Stærð minkastofnsins verður metin út frá fjölda endur-

Veiðni er mælikvarði á fjölda veiddra minka miðað við veiðiátak. 5% veiðni jafngildir t.a.m. því að 5 dýr veiðast á hverjum 100 gildrunóttum.

Gildrunótt jafngildir einni gildru spenntri í einn sólarhring. Fjöldi gildrunátta er reiknaður þannig: Fjöldi spenntra gildra dag hvern x fjöldi daga sem veitt er.



Róbert og Sigrún merkja mink með örmerki.



Mink sleppt eftir merkingu.



Minkar voru veiddir á öllu Snæfellsnesi. Myndin sýnir Hofsstaðavog og Bjarnarhafnarfjall.

heimtra minka á næstu 2-3 árum, þ.a. upplýsingar um stærð stofnsins haustið 2001 ættu að liggja fyrir árið 2004 og ári síðar um stofnstærðina 2002. Við endurheimtur minka er samstarf við minkaveiðimenn á Vesturlandi geysilega mikilvægt. Þeir hafa verið beðnir að aðstoða við rannsóknina með því að senda alla veidda minka, hvort sem merki sjást á þeim eður ei, til rannsóknar á Náttúrustofu Vesturlands. Greidd eru verðlaun fyrir alla minka sem skilað er til rannsóknar og kemur sú upphæð til viðbótar hefðbundnum veiðilaunum. Fyrir ómerkta fullorðna minka eru greiddar kr. 400 en kr. 5.000 fyrir merkta minka.

Í lok ársins 2002 höfðu 15 merktir minkar borist til Náttúrustofunnar. Að frádregnum þeim minkum sem drápuð meðan á rannsókninni stóð er því óvíst um örlög 135 merktra minka. Nokkrar athyglisverðar niðurstöður um ferðir minka hafa þegar komið fram og sýna þær að mikill breytileiki er í haustfari minkahvolpa, allt frá því að þeir virðast fara mjög stutt eða ekkert frá æskuslóðum sínum upp í það að fara tugi kílómetra á tiltölulega skömmum tíma. Fimm minkar hafa endurheimst í meira en 20 km fjarlægð frá upphaflegum veiðistað (mælt sem stysta loftlína yfir landi), þar af fóru þrír meira en 35 km og var mesta vegalengdin 43 km frá merkingarstað. Þessar upplýsingar eru ákaflega athyglisverðar og mikilvæg viðbót við þekkingu okkar á minknum. Þær skýra, a.m.k. að hluta, þá reynslu veiðimanna að hversu vel sem þeir „hreinsa“ sitt svæði á hverju sumri, veiðast minkar á sama svæði ári síðar. Þessar vegalengdir sýna sömuleiðis að minkar merktir á austanverðu Snæfellsnesi geta hæglega ferðast suður í Borgarfjörð eða austur í Dali og jafnvel lengra.

Stofngerð minka á Snæfellsnesi og á landsvísu

Í tengslum við rannsóknir á stofnstærð hefur minkahræjum verið safnað hjá veiðimönnum til frekari rannsókna. Athugað er í hverju tilfalli hvort um sé að ræða merktan mink en einnig eru gerðar staðlaðar mælingar, s.s. á þyngd og lengd. Þar fyrir utan fást upplýsingar um frjósemi minkalæðna, líkamsástand minka eftir árstíðum og árum, aldursdreifingu stofnsins, dánartíðni og vöxt minkahvolpa o.s.frv. Vonir standa til að fjármagn fái til að auka þennan þátt minkarannsókna og safna minkahræjum alls staðar að af landinu á hverju ári. Á grunni slíkrar vöktunar og skoðunar veiðitalna og gagna um umhverfisþætti mætti gera líkan af stofninum og því hvernig hann bregst við breytingum á umhverfisþáttum eða veiðiálagi. Slíkt líkan væri ómetanlegt við stjórnun veiða úr stofninum.



Haförn

Vesturland er aðalheimkynni íslenska arnarstofnsins en varp-útbreiðslan nær frá Faxaflóa norður á Vestfirði. Þéttleiki hreiðra er langmestur í Breiðafirði en einnig nokkur við norðanverðan Faxaflóa.

Íslenski arnarstofninn er smár og er enn í útrýmingarhættu þrátt fyrir alfriðun í nær 90 ár. Á seinni hluta 19. aldar var stofninn mun stærri, sennilega 150-200 pör, og verpti víða um land en vegna skotveiða og eitrunar fyrir refi varð gífurleg fækkun. Um 1920 voru pörin einungis 20-25 og breyttist sá fjöldi lítið næstu áratugi. Eftir 1970 tók stofninn loks að rétta úr kútnum og hefur örnnum fjölgað mjög hægt síðan. Hins vegar vaxa arnarstofnar í Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Eystrasaltslöndunum, Póllandi og Þýskalandi nú hratt og hafa 3-5 faldast á síðustu 20 árum. Einnig eru ernir nú farnir að verpa að nýju í Danmörku og inn til landsins í Suður-Svíþjóð. Í dag er talið að íslenski stofninn sé um 50 fullorðin pör en 39 þeirra tóku þátt í varpi árið 2002.

Árin 2001 og 2002 hefur staðið yfir undirbúningur rannsóknar Náttúrustofunnar, sem leitar skýringa á því hvers vegna stofnvöxtur og varpárangur arnarstofnsins er ekki betri en raun ber vitni. Rannsóknin er tvíþætt og hefur því tvö aðskilin markmið. Þau tengjast hins vegar að því leyti að þættirnir sem til rannsóknar eru geta báðir haft áhrif á vöxt og viðgang íslenska arnarstofnsins:

Fyrri markmið rannsóknarinnar er að kanna erfða-breytileika, innæxlun og innbyrðis skyldleika íslenska arnarstofnsins. Mikilvægt er að fá svör við þessu í ljósi sögunnar en fáir einstaklingar stóðu undir nýliðun þegar stofninn var minnstur. Afleiðing þessa gæti hugsanlega verið lítil erfðabreytileiki, sem valdið gæti því að stofninn ætti erfiðara með að aðlagast umhverfisbreytingum (Whittaker 1998, Mousseau 2000). Að auki eru líkur á að innæxlun sé fyrir hendi í stofninum sökum þess hvað stofninn er lítill en sýnt hefur verið fram á að hún getur haft neikvæð áhrif á frjósemi og lífslíkur unga (Pemberton 1999). Ásamt því að kanna erfðabreytileika stofnsins og reikna hlutfall innæxlunar fást einnig upplýsingar um hversu margir einstaklingar standa í raun undir nýliðun stofnsins (virk stofnstærð) og hvort innbyrðis skyldleiki hjóna hafi áhrif á frjósemi parsins.

Síðara markmið rannsóknarinnar er að kanna styrk þrávirkra, lífrænna eitrefna, s.s. PCB og DDT, í arnarfúleggjum. Mörg mengunarefni hafa alþjóðlega útbreiðslu og fyrri mælingar hafa sýnt að þau finnast í lífríki Íslands (Ólafsdóttir o.fl. 1995, 1998 og 2001).

Nánari upplýsingar um sögu og varp-árangur íslenska arnarstofnsins ásamt heimildaskrá má finna í: Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 2002 (í prentun). Sea Eagles in Iceland: population trends and reproduction. Sea Eagle 2000 Proceedings.


Heimildir:

- 1) Whittaker, R.J. (1998). *Island Biogeography. Ecology, Evolution and Conservation*. Oxford University Press, U.K.
- 2) Mousseau, T.A., B. Sinervo & J. Endler (ritstj.) (2000). *Adaptive Genetic Variation in the Wild*. Oxford University Press, New York.
- 3) Pemberton, J.M., D.W. Coltman, T.N. Coulson & J. Slate (1999). *Using microsatellites to measure the fitness consequences of inbreeding and outbreeding*. Í: Goldstein, D.B. & C. Schlötterer: *Microsatellites. Evolution and Applications*. Oxford University Press, Oxford.
- 4) Ólafsdóttir, K., Æ. Petersen, S. Þórðardóttir og T. Jóhannesson (1995). *Organochlorine residues in gyrfalcons (Falco rusticolus) in Iceland*. *Bull. Environm. Contam. Toxicol.* 55: 382-389.
- 5) Ólafsdóttir K, Skírnisson K, Gylfadóttir G and Jóhannesson T (1998). *Seasonal fluctuations of organochlorine levels in the common eider (Somateria mollissima) in Iceland*. *Environmental Pollution* 103: 153-158.
- 6) Ólafsdóttir K, Petersen Æ, Magnúsdóttir EV, Björnsson T and Jóhannesson T (2001). *Persistent organochlorine levels in six prey species of the gyrfalcon Falco rusticolus in Iceland*. *Environmental Pollution*, 112: 245-251.



Heimild:

Walker, C.H., S.P. Hopkin, R.M. Sibly & D.B. Peakall (2001) Principles of Ecotoxicology, 2. útg. Taylor & Francis, U.K.



Blóð úr arnarungum verður notað til erfðagreiningar.

Þá er þekkt víða erlendis að mengunarefni hafa m.a. dregið verulega úr frjósemi dýra og hafa áhrifin gjarnan verið mest hjá dýrum efst í fæðukeðjunni, t.d. ránfuglum, og sérstaklega hjá dýrum sem lifa á sjávarfangi. Áhrifin geta verið veruleg fjarri iðnaðarsvæðum, sérstaklega á háum breiddargráðum (Walker o.fl. 2001). Í ljósi sögu íslenska arnarstofnsins og breytinga á stærð hans ásamt því að talið er að ákveðin arnarþör séu ófrjó, er ákaflega mikilvægt að fá upplýsingar um styrk mengunarefna í arnareggjum, svo bera megi hann saman við erlendar athuganir þar sem neikvæð áhrif á frjósemi hafa komið fram.

Fúlegg úr arnarhreiðrum verða notuð til mælinga á styrk mengunarefna en blóð úr stálpuðum ungum á hreiðrum og fjaðrir úr fullorðnum fuglum verða notuð til erfðaathugunar. Þekking á mengunarálagi og erfðasamsetningu arnarstofnsins eru grundvallaratriði sem auka skilning okkar á afkomu arnarins. Niðurstöður verkefnisins munu nýtast í ákvarðanatökum sem varða framtíð arnarstofnsins og munu koma að góðum notum ef gripið verður til aðgerða til hjálpar erninum.

Þegar hefur verið safnað tíu fúleggjum, blóði úr 35 ungum og arnarfjögðrum við fjölmörg hreiður á undanförunum tveim árum og er fyrirhugað að halda þeirri sýnatöku áfram. Ráðgert er að hefja mælingar á styrk eitrefna og erfðagreiningu á árinu 2003.

Nemendaverkefni

Á árinu stofnaði Stúdentaráð Háskóla Íslands styrktarsjóðinn “Þekking stúdenta í þágu þjóðar”, sem var hluti af samstarfsverkefni Stúdentaráðs, Byggðastofnunar og sveitarfélaga til að stuðla að auknum rannsóknum háskólastúdenta á landsbyggðinni. Byggðastofnun og nokkur sveitarfélög lögðu fjármagn í sjóðinn og var Stykkishólmur eitt þeirra.

Styrkupp hæð til að vinna verkefni í hverju þessara sveitarfélaga var kr. 500 þúsund. Náttúrustofan skipulagði, í samvinnu við sérfræðinga á Líffræðistofnun Háskólans, þrjú verkefni fyrir líffræðistúdenta. Tvö verkefnanna fjölluðu um hagamýs en eitt um dýrasvif í stöðuvötnum. Fimm umsóknir bárust um styrki til verkefna sem vinna átti í sveitarfélaginu en umsóknir Náttúrustofunnar urðu fyrir valinu og skiptist styrkupp hæðin jafnt á milli þeirra.



Hagamýs

Annað músaverkefnanna fjallaði um samanburð á þéttleika hagamúsa í eyjum og á meginlandinu. Hagamýs finnast á mörgum eyjum í Breiðafirði en þó var lítið vitað um útbreiðslu þeirra og ekkert um þéttleika. Valin voru fjögur rannsóknasvæði, tvö á eyjum, í Svefneyjum og Arney, og tvö á meginlandi sitt hvoru megin Breiðafjarðar, við Þingvelli í nágrenni Stykkishólms og við Brjánslæk á Barðaströnd. Á hverju svæði voru lagðar 100 lífgildir og veitt í þær í þrjá sólarhringa. Allar mýs sem veiddust voru merktar og úr þeim tekin vefjasýni til erfðarannsókna (sjá síðar). Með jafnmiklu veiðiátaki á hverju svæði veiddust 13 mýs við Þingvelli, 21 við Brjánslæk, 120 í Svefneyjum og 11 í Arney. Út frá fjölda veiddra músa og endurheimtuhlutfalli má reikna þéttleika músa á hverju svæði. Verkefnið er 6 eininga verkefni Margrétar Aspar Stefánsdóttur við líffræðiskor Háskóla Íslands. Skýrsla með endanlegum niðurstöðum mun liggja fyrir vorið 2003. Leiðbeinendur Margrétar voru Róbert A. Stefánsson, Náttúrustofu Vesturlands, og dr. Páll Hersteinsson, prófessor við líffræðiskor Háskóla Íslands.

Hitt rannsóknarverkefnið um hagamýs fjallar um erfðafræðilegan skyldleika músastofnanna á áður nefndum svæðum. Í fyrnefnda verkefninu voru sýni tekin úr öllum músunum og voru þau notuð til erfðagreiningarinnar. Verkefnið er 6 eininga verkefni Bryndísar Stefánsdóttur við líffræðiskor Háskóla Íslands. Skýrsla um niðurstöður verkefnisins mun liggja fyrir vorið 2003. Leiðbeinandi Bryndísar er dr. Ástríður Pálsdóttir, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum en dr. Einar Árnason, prófessor við líffræðiskor Háskóla Íslands er tengiliður við skor. Fyrri hluti verkefnisins var framkvæmdur á erfðarannsóknastofu Náttúrustofunnar undir handleiðslu Menju von Schmalensee en seinni hluti verkefnisins, sem hefjast á í upphafi árs 2003, er framkvæmdur á Keldum undir leiðsögn Ástríðar.

Dýrasvif

Þriðja rannsóknarverkefnið sem styrkt var af “Þekkingu stúdenta í þágu þjóðar” nefnist “Áhrif bleikju á samsetningu dýrasvifs í stöðuvötnum” og var 5 eininga verkefni Davíðs Tómasar Davíðssonar. Baulárvallavatn og Selvallavatn eru í nágrenni Vatnaleiðar, sem liggur yfir Snæfellsnesfjallgarðinn. Baulárvallavatn er sérstætt að því leyti að í því lifir urriði en engin bleikja. Hins vegar finnast báðar tegundirnar í Selvallavatni. Vegna þessa þótti áhugavert að bera saman samsetningu dýrasvifs í vötnunum tveim, þar sem mikilvægur hluti fæðu bleikjunnar er svif en urriðinn lifir fremur á botndýrum, hornsílum og bleikjuseiðum.



Margrét og Sigrún önnum kafnar við merkingu hagamúsa.



Hagamús á leið út í frelsið eftir merkingu.



Davíð og Finnur Ingimarsson taka sýni úr bleikju úr Selvallavatni.

Úrvinnslu var ekki lokið í árslok en skýrsla væntanleg á vormánuðum 2003. Rannsóknin var samstarfsverkefni Líffræðistofnunar Háskólans, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Náttúrustofu Vesturlands en unnin að mestu á Líffræðistofnun og Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Leiðbeinandi Davíðs var dr. Sigurður S. Snorrason á Líffræðistofnun. Samhliða sýnatöku vegna þessa verkefnis var gerð vatnalífsúttekt, þ.e. rannsókn á eðlisþáttum vatnsins, fiskistofnum, botndýralífi og dýrasvífi en þau gögn verða hluti af gagnagrunni Veiðimálastofnunar, Líffræðistofnunar Háskólans og Náttúrufræðistofu Kópavogs um íslensk stöðuvötn.

Vöktunarverkefni

Langtíma vöktunarrannsóknir eru fremur sjaldgæfar en engu að síður geysilega mikilvægar til að öðlast dýpri skilning á ferlum náttúrunnar. Þessi verkefni er því miður erfitt að fjármagna sökum þess að niðurstöðurnar verða oft ekki sérlega áhuga-verðar fyrr en mörgum árum eftir að þau hefjast en þá koma oft fram áhugaverðar og jafnvel áður óþekktar sveiflur og/eða tengsl.

Starfsemi náttúrustofa er að mörgu leyti heppileg til að stunda einhvers konar vöktun á umhverfinu. Það er þó m.a. háð því að fjármagn fái til slíkra rannsókna eða að þær séu ódýrar og fljótlegar. Á árinu stóð Náttúrustofan, í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, að vöktun á vetrarfuglum, rjúpum og örnun. Að auki hóf Náttúrustofan vöktun á refum í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

Vetrartalning fugla

Náttúrufræðistofnun Íslands gengst árlega fyrir vetrartalningu á fuglum víðs vegar um landið um eða upp úr áramótum. Áhugamenn telja þá fugla á fyrirfram ákveðnum svæðum ár eftir ár en það getur gefið mikilvægar upplýsingar um breytingar í einstökum fuglastofnum. Áður en Náttúrustofan hóf sínar talningar hafði aðeins eitt svæði á Vesturlandi norðan Borgarfjarðar verið talið reglulega en það var við Stykkishólm, þar sem Trausti Tryggvason hafði talið um langt skeið. Talningarsvæði Náttúrustofunnar nær frá Eiði í Kolgrafafirði að vegfyllingunni yfir Hraunsfjörð. Fyrst var talið í ársbyrjun 2001 en þá sáust 1.409



fuglar af 17 tegundum á svæðinu en í janúar 2002 sáust 1.005 einstaklingarnir af 14 tegundum. Ætlunin er að telja þetta svæði árlega hér eftir og hugsanlega bæta við fleirum. Æskilegt væri að fá annað fugla- og útivistaráhugafólk til að taka þátt í talningunni og fjölga talningarsvæðum til að gefa betri mynd af sveiflum í fuglastofnum.

Vöktun rjúpnastofnsins

Dr. Ólafur Karl Nielsen, fuglafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands, hefur haft umsjón með vöktun rjúpnastofnsins undanfarin ár. Eins og kunnugt er, sveiflast stærð rjúpnastofnsins mikið milli ára en fá má hugmynd um stærðargráðu og lengd sveiflunnar með því að telja rjúpukarra á óðulum sínum á sama svæði vor hvert. Ólafur hafði sjálfur komið sér upp talningarreit á Mýrum og tók Náttúrustofan þátt í talningu þar eins og árið á undan. Auk þess stóð Náttúrustofan fyrir talningu á reit milli ána Skraumu og Dunkár í Hörðudal, innarlega við sunnanverðan Hvammsfjörð. Var sá reitur talinn með hjálp heimamanna úr Stykkishólmi, þeirra Reynis Halldórssonar og Hjörleifs Kr. Hjörleifssonar. Rjúpnastofninn hefur verið í lægð undanfarin ár en árið 2002 sáust fimm rjúpukarrar á svæðinu miðað við fjóra árið áður. Í þetta sinn var talningarsvæðið stækkað dálítið og sáust samtals 7 karrar á öllu svæðinu.



Rjúpukarri í Búðahrauni í júlí.

Vöktun arnarstofnsins

Í tæp 40 ár hefur Fuglaverndarfélag Íslands í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands haft eftirlit með hafarnarstofninum. Hefur það aðallega falið í sér talningu á óðals- og varpfuglum auk unga að vori og fyrri hluta sumars. Þar fyrir utan hafa starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Íslands og fuglaáhugamenn heimsótt arna-hreiður í júlí til að merkja unga.

Náttúrustofan tekur nú þátt í vöktun arnarstofnsins ásamt framantöldum aðilum og fuglaáhugamönnum, með því að heim-sækja hreiður til að merkja unga. Eftir sem áður er vöktunin undir stjórn Kristins Hauks Skarphéðinssonar, fuglafræðings á Náttúru-fræðistofnun. Auk þess að merkja unga á hreiðrum hefur á undan-förnum árum verið safnað fúleggjum og blóð tekið úr ungum en hvort tveggja er hluti af öðru rannsóknarverkefni, sem lýst er hér að framan.



Íslenski arnarstofninn er enn í útrýmingarhættu þrátt fyrir áratuga langa alfriðun.



Tófa af mórâuða litarafrbrigðinu.
Ljósmynd: Hólmfríður Sigþórsdóttir.

Vöktun refa

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður árið 2001. Innan marka hans eru allar skotveiðar bannaðar, þ.m.t. refaveiðar. Hafa ýmsir áhyggjur af því að þetta hafi í för með sér mikla fjölgun refa á svæðinu og óttast að þjóðgarðurinn verði eins konar uppeldisstöð fyrir refi. Í þessu ljósi hóf Náttúrustofan vöktun á fjölda tófugrenja í ábúð í þjóðgarðinum. Fer vöktunin þannig fram að heimsótt eru öll þekkt tófugreni innan þjóðgarðsmarkanna og metið hvort grenin séu í ábúð. Þetta væri ekki framkvæmanlegt nema vegna þess að Leifur Ágústsson, refaskytta úr Mávahlíð, var einstaklega hjálplegur og fylgdi starfsfólki Náttúrustofunnar á öll þekkt tófugreni í þjóðgarðinum, samtals um 25 staði. Samkvæmt upplýsingum frá Leifi hafa 3-6 þessara grenja verið í ábúð undanfarin ár en að þessu sinni fundust þrjú. Ætlunin er að endurtaka þessa rannsókn árlega og vonast er til að afla megi fjármagns til að merkja alla yrðlinga á grenjum í þjóðgarðinum til að fá m.a. upplýsingar um það hvert þeir fara.

Þjónustuverkefni

Útseld þjónusta er ekki stór en þó mikilvægur hluti af starfsemi Náttúrustofunnar. Á árinu var seld út þjónusta vegna álitserða og rannsókna. Vegagerð ríkisins fór fram á álit vegna áhrifa vegfyllingar yfir Kolgrafafjörð á þéttleika minka, Umhverfisráðuneytið vegna siglinga Sæferða ehf. að arnarhreiðri í Breiðafirði og Veiðistjóraembættið vegna nýrrar gerðar af minkagildrum, sem Reynir Bergsveinsson prófaði á Barðaströnd og í Saurbæjarhreppi. Aðrar álitserðir var ekki greitt fyrir.

Framkvæmdar voru þjónusturannsóknir fyrir tvo aðila á árinu, annars vegar Ocean Futures / Keikó-samtökin á Íslandi vegna mögulegs flutnings háhyrningsins Keikós til Stykkishólms en hins vegar forúttekt á umfangi og útbreiðslu skólp-mengunar við Snæfellsbæ.



Flutningur Keikós til Stykkishólms

Forsvarsmenn Ocean Futures og Keikó-samtakanna á Íslandi höfðu samband við Náttúrustofuna síðla árs 2001 og vildu kanna þann möguleika að flytja háhyrninginn Keikó í Breiðafjörð og koma þar upp viðeigandi aðstöðu. Málið var rætt og ýmsir möguleikar kannaðir. Að lokum var komist að þeirri niðurstöðu að heppilegt gæti reynst að loka með neti Nesvogi innan Bænhúshólma við Stykkishólm. Gerðar voru þríþættar rannsóknir á veginum til að ganga úr skugga um að hann hentaði til verkefnisins.

Í fyrsta lagi var botn vogsins kortlagður nákvæmlega á vegum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen ehf. (VST) en Náttúrustofan aðstoðaði við verkið. Í öðru lagi hafði Náttúrustofan umsjón með mælingum á magni og umfangi skólpmengunar á svæðinu. Í þriðja lagi stóð Náttúrustofan fyrir því að kafari tók sýni af botnseti vogsins, sem send voru til greiningar á þrávirkum lífrænum efnum (Háskóli Íslands) og þungmálmum (Iðntæknistofnun).

Forrannsóknirnar leiddu í ljós að vogurinn væri að mörgu leyti heppilegur og mengun var vel undir viðmiðunarmörkum. Hins vegar var ákveðið að fresta ákvörðun um flutninginn fram á haustið 2002 en reyna þess í stað áfram að koma Keikó í kynni við villta háhyrninga við Vestmannaeyjar. Það gekk vel og slótt Keikó í hóp með villtum háhyrningum og elti þá til Noregs. Þar varð hann viðskila við hópinn, sótti aftur í félagsskap manna og var undir þeirra höndum í árslok. Þar með var líklega orðið útséð með það að Keikó flytti til Stykkishólms.

Rannsóknir á frárennsli í Snæfellsbæ

Á undanförunum árum og áratugum hefur orðið mikil vakning í umhverfismálum í heiminum og hefur Ísland þar ekki verið undanskilið, þótt sumum finnist Íslendingar vera seinir að taka við sér að þessu leyti. Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins um frárennismál, þar sem kveðið er á um það hvernig standa eigi að skólplögnum og hreinsun skólps, skulu þau vera komin í fullnægjandi horf fyrir lok ársins 2005. Er því aukinn þrýstingur á sveitarfélög að gera úrbætur á þessu sviði. Mörg stærri sveitarfélöganna hafa gert mikið átak á síðustu árum en fjöldi smærri sveitarfélaga á langt í land með að uppfylla tilskipunina og sér fram á stórutgjöld til málaflokksins.

Náttúrustofan framkvæmdi forúttekt á umfangi og útbreiðslu skólpmengunar við Stykkishólm árið 2001, með því að taka sjávarsýni í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og



Forstöðumaður Náttúrustofunnar heimsótti Keikó til Vestmannaeyja í boði Keikó-samtakanna.





senda til Hollustuverndar ríkisins til greiningar á saurgerlum. Þetta er tiltölulega ódýr leið til að fá upplýsingar um umfang mengunarinnar og gæði viðtakans. Framkvæmd var hliðstæð úttekt fyrir Snæfellsbæ á árinu og voru sýni tekin við Ólafsvík, Rif og Hellissand. Þessi úttekt var þó frábrugðin að því leyti að nú hafði Náttúrustofan komið sér upp búnaði til að sjá um örverugreininguna sjálf í stað þess að senda sýnin til Reykjavíkur. Í ljós kom að líkt og í Stykkishólmi var viðtakinn góður vegna sjávarfallastrauma og þess að Snæfellsbær stendur við opið haf. Þynning skólpsins frá útrásinni var því hröð og varð sjaldan vart við mengun þegar komið var 200 m frá útrás en hins vegar kom fram að á nokkrum stöðum var umtalsverð gerlamengun í fjöru við útrásirnar, sem samkvæmt Evrópu-tilskipuninni þarf að koma í veg fyrir.

Uppsetning heimasíðu

Á árinu hóf starfsfólk Náttúrustofunnar uppsetningu eigin heimasíðu, sem vistuð er á slóðinni <http://www.nsv.is>. Þar er að finna ýmsar upplýsingar um Náttúrustofuna og starfsemi hennar. Ekki tókst að ljúka gerð heimasíðunnar á árinu og reyndar má segja að henni ljúki aldrei, þar sem stöðugt munu bætast nýjar upplýsingar á hana.



Í kjallara ráðhússins var á árinu innréttuð “blautrannsóknastofa”.

Uppbygging aðstöðu og búnaðar

Náttúrustofan er til húsa í ráðhúsi Stykkishólmsbæjar við Hafnargötu 3. Á árinu voru stigin mikilvæg skref í þá átt að gera náttúrustofuna fullbúna. Auk skrifstofa er þar nú að finna tvær rannsóknastofur. Í kjallara ráðhússins var á árinu innréttuð “blautrannsóknastofa” þar sem fram fara krufningar, aldursgreiningar og flokkun og greining lífsýna. Hin rannsóknastofan (á 2. hæð) er nú óðum að verða fullstarfhæf til rannsókna á sviði erfðavistfræði. Í lok ársins var ákveðið að festa kaup á sjálfvirku raðgreiningatæki og það pantað. Þegar það kemur verður erfðarannsóknastofan sjálfstæð þannig að hægt verður að vinna erfðavistfræðirannsóknir án aðkomu annarra rannsóknastofnana.



Á árinu var einnig sett upp aðstaða til greiningar á saurgerlum, sem notuð verður til að gera rannsóknir á skólpmengun í sjó. Það er mikill kostur að náttúrustofan geti tekið að sér slíkar greiningar þar sem frárennismál brenna á sveitarfélögum um þessar mundir. Stefnt er að því að setja af stað vöktun á frárennsli einhverra sveitarfélaga á næsta ári.

Bókasafn náttúrustofunar tók vaxtarkipp á árinu, en uppbygging þess mun halda áfram á komandi árum. Þá var tölvuvæðing náttúrustofunnar einnig nokkur, í samræmi við aukinn fjölda starfsmanna.

Samstarf

Fyrir litlar rannsóknastofnanir eins og náttúrustofur er geysilega mikilvægt að eiga gott samstarf við aðrar stofnanir á svipuðu sviði. Náttúrustofa Vesturlands hefur átt því láni að fagna að eiga í farsælu samstarfi við færustu sérfræðinga á þeim sviðum sem hún hefur helst starfað á. Samstarfið hefur verið á persónulegum nótum við einstaklinga sem starfa t.d. hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóla Íslands, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Veiðistjóraembættinu og Náttúrufræðistofu Kópavogs. Áður hefur verið minnst á Samtök náttúrustofa (SNS), sem stofnuð voru á árinu en ekki er formlegt samstarf við aðrar stofnanir ef frá er talið samstarf við Umhverfisstofnun í gegnum Breiðafjarðarnefnd (sjá síðar).

Erlendir sérfræðingar hafa sýnt áhuga á rannsóknasamstarfi við Náttúrustofuna og hefur hún ásamt Veiðistjóraembættinu þegar hafði samstarf við sérfræðinga við Stirling háskólann í Skotlandi sem starfa við minkarannsóknir.



Náttúrustofan hefur komið sér upp aðstöðu til gerlamælinga. Þetta gerir henni m.a. kleift að gera úttektir á frárennismálum sveitarfélaga með því að kanna útbreiðslu saurgerla í sjó.



Aðgangur að stórfenglegri náttúru er mikill kostur fyrir náttúrustofur en þó ekki nægilegur einn og sér til að þær dafni.



Krökkunum fannst gaman að skoða lifandi botndýr úr Breiðafirði.



Stykkishólmsbær stendur eins og er eitt sveitarfélag að rekstri Náttúrustofu Vesturlands ásamt ríki.

Fræðsla

Almenningsfræðsla er eitt af mörgum hlutverkum náttúrustofa. Náttúrustofa Vesturlands fékk heimsóknir frá grunnskólanemum á árinu. Annars vegar var þeim kynnt starfsemin sem þar fer fram en hins vegar fengu nemendur 1. bekkjar að sjá hluta af þeim tegundum sem lifa á botni Breiðafjarðar. Stefnt er að því að fá alla grunnskólanemendur í Stykkishólmi í heimsókn árlega. Annar þáttur í almenningsfræðslu er gerð sjónvarpsefnis en þann 17. júní var frumsýnd í Sjónvarpinu heimildamynd Magnúsar Magnússonar um mink og minkarannsóknir. Bar myndin heitið “Minkur í náttúru Íslands” og fjallaði að verulegum hluta um rannsóknir Náttúrustofu Vesturlands og starfsfólks hennar.

Fjáröflun og aðkoma sveitarfélaga

Stjórnendur Náttúrustofu Vesturlands hafa mikinn metnað fyrir hennar hönd og stefnt er að vexti hennar og styrkingu. Slíkur uppgangur mun þó ekki eingöngu verða byggður á framlagi ríkis og eins sveitarfélags, heldur þarf mun meira til. Af þeim sökum fór mikill tími á árinu í hönnun rannsóknaverkefna og að sækja um fjármagn til þeirra. Sótt var um styrki til þriggja rannsókna. Sú stærsta var á arnarstofninum, sem lýst er hér að framan. Hinar tvær voru vöktunarrannsóknir, sem æskilegt er að hefja hið fyrsta að fullum krafti. Önnur fjallar um vöktun á refum, minkum og mófuglum í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli en hin um vöktun íslenska minkastofnsins. Í lok ársins var orðið ljóst að Alþingi ætlaði að styrkja arnarrannsóknina um 3,5 milljónir á árinu 2003 en ekki voru komin vilýrði fyrir frekara fjármagni til rannsóknanna.

Stykkishólmsbær stendur eitt sveitarfélag að rekstri Náttúrustofu Vesturlands ásamt ríki. Hugsunin á bak við lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, sem sett voru árið 1992, var að öll sveitarfélög hvers kjördæmis kæmu að rekstri náttúrustofu í þeim landshluta. Því miður hefur þetta ekki orðið raunin, a.m.k. ekki enn sem komið er. Á Austurlandi og Vestfjörðum hafa þó best við rekstraraðilar, m.a. vegna sameiningar sveitarfélaga, en fjölgunin gengur hægt. Stjórnendur Náttúrustofu Vesturlands tóku þá ákvörðun að reyna ekki að fá fleiri



aðila að rekstrinum fyrr en starfsemin væri komin á gott skrið. Það hefur hún nú gert og hófst funduferð til bæjar- og sveitarstjórna stærstu sveitarfélagana á Vesturlandi undir lok ársins, þar sem forstöðumaður fór ítarlega yfir starfsemi Náttúrustofu Vesturlands.

Breiðafjarðarnefnd

Náttúrustofa Vesturlands sér um daglegan rekstur Breiðafjarðarnefndar ásamt undirbúningi funda, ritun fundargerða o.fl., samkvæmt þjónustusamningi sem gerður var á milli Breiðafjarðarnefndar og Náttúrustofunnar í júní 2001. Hefur þetta fyrirkomulag gefið ágæta raun.

Breiðafjarðarnefnd er sjálfstætt starfandi nefnd sem er umhverfisráðherra til ráðgjafar en hann fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar samkvæmt lögum nr. 54/1995. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Staglei og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.

Sú Breiðafjarðarnefnd sem nú starfar var skipuð með bréfi, dags. 9. júní 2000, til fjögurra ára og er skipuð eftirfarandi aðilum:

- Friðjón Þórðarson fv. ráðherra, formaður, skipaður án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir, landfræðingur.
- Þórólfur Halldórsson, sýslumaður, tilnefndur af Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til vara Hilmar Össurarson, bóndi.
- Jóhannes G. Gíslason, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu, til vara Eiríkur Snæbjörnsson, bóndi.
- Sigurður Þórólfsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Dalasýslu, til vara Trausti V. Bjarnason, bóndi.
- Ásgeir Gunnar Jónsson, tilnefndur af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Trausti Tryggvason, kennari.
- Ævar Petersen, forstöðumaður Reykjavíkurstets Náttúrufræðistofnunar Íslands (N.Í.), tilnefndur af N.Í. og



Eitt af einkennum Breiðafjarðar eru lífauðugar fjörur.



Sigríður Elísabet, ritari NSV, hefur sinnt daglegum rekstri Breiðafjarðarnefndar.

náttúrustofum á Vesturlandi og Vestfjörðum, til vara Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða.

- Magnús A. Sigurðsson, minjavörður, tilnefndur af Þjóðminjaráði, til vara Guðmundur Ólafsson, fornleifafræðingur.

Ritari nefndarinnar er Sigríður Elísabet Elisdóttir, starfsmaður Náttúrustofunnar.

Á árinu 2002 afgreiddi Breiðafjarðarnefnd ýmis mál en þau helstu voru:

- Þorskeldi í sjónum úti fyrir bænum Þingvöllum, Helgafellssveit
- Sjóvarnir við gamla frystihúsið og austan við bryggjuna í Flatey, Reykhólahreppi.
- Sjókvíaelði Guðmundar Runólfssonar hf., Grundarfirði
- Umsögn um stjórnsýslukærur vegna úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð í Eyrarsveit og Helgafellssveit
- Umsókn um leyfi til nýbyggingar á jörðinni Efri-Langey, Dalabyggð
- Fyrirhugaður flutningur háhyrningsins Keikó inn á verndarsvæði Breiðafjarðar
- Þá fjallaði nefndin um ýmis önnur mál á liðnu ári og má þar helst nefna skipulagsmál.

Starfsmaður Náttúrustofu Vesturlands setti í samvinnu við nefndarmenn upp heimasíðu á árinu, sem vistuð er á slóðinni www.breidafjordur.is. Þar má m.a. nálgast fundargerðir og ársskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun Breiðafjarðar, reglur um feril mála vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa á verndarsvæði Breiðafjarðar, lista yfir þær rannsóknir og þau verkefni sem nefndin hefur fengið upplýsingar um ásamt öðrum fróðleik.



BIOMARE

Á árinu komst Breiðafjörður á skrá yfir 32 merk sjávar- og strandsvæði í Evrópu, þar sem æskilegt er talið að stunda rannsóknir á líffræðilegum fjölbreytileika í sjó. Fjölmörg svæði voru tilnefnd en það sem réði mestu um að Breiðafjörður komst á listann var að svæðið er fjölbreytt, lífauðugt, hreint og verndað með sérstökum lögum (nr. 54/1995). Skráin, sem er hluti af verkefninu **BIOMARE** (Implementation and networking of large scale, long term **MAR**ine **BIO**diversity research in **E**urope), var unnin á vegum Evrópusambandsins en á næstunni verður gefin út bók þar sem finna má upplýsingar um hvert svæði sem valið hefur verið á skrána.

Það var Jörundur Svavarsson, prófessor í sjávarlíffræði við líffræðiskor Háskóla Íslands, sem hafði forgöngu um að Breiðafjörður var tilnefndur á listann og vann ötullega að því markmiði. Starfsfólk Náttúrustofunnar aðstoðaði hann á lokastigum umsóknarferlisins. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á vefslóðinni <http://www.biomareweb.org>.



Egilsenshús er í miðbæ Stykkishólms

Náttúrufræðisafn í Stykkishólmi

Hugmyndin að Náttúrufræðisafni í Stykkishólmi, sem Menja von Schmalensee setti fram síðla árs 2001 var þróuð frekar á fyrri hluta ársins og skýrsla um hana gefin út. Bæjarstjórn skipaði nefnd til að skoða nýtingarmöguleika Egilsenshúss, sem bærinn hafði fest kaup á, og var náttúrufræðisafn einn þeirra möguleika sem skoðaðir voru. Nefndarálitíð lá ekki fyrir í árslok.

STARFSFÓLK

Á árinu störfuðu 3-5 manns hjá Náttúrustofunni en árs stöðugildin voru u.þ.b. þrjú. Starfsmennirnir voru:

Róbert Arnar Stefánsson (M.S.), líffræðingur, hefur verið forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands í 100% starfi frá 1. desember 2000. Hann hefur sinnt hefðbundnum stjórnunarstörfum og unnið að uppbyggingu Náttúrustofunnar, m.a. með fjáröflun. Samhliða hefur hann stundað rannsóknastörf, aðallega á sérsviði sínu, sem er minkar, en þó hefur hann einnig komið að rannsóknum á fuglum og hagamúsum. Hann tók tveggja mánaða fæðingarorlof á árinu.

Sigríður Elísabet Elisdóttir var starfsmaður Náttúrustofunnar í 25% starfi fram í ágúst en hálfu starfi eftir það. Hún sinnti daglegum rekstri Breiðafjarðarnefndar, undirbjó fundi hennar, ritaði fundargerðir o.fl. auk þess að sinna ýmsum verkefnum fyrir Náttúrustofuna frá því í ágúst

Sigrún Bjarnadóttir (B.S.), líffræðingur, starfaði í fullu starfi frá júnímánuði. Hún vann að mestu að minkarannsóknum á árinu, bæði á rannsóknastofu og úti í mörkinni, en tók einnig þátt í öðrum verkefnum Náttúrustofunnar, s.s. rannsóknum á fuglum og hagamúsum.



Starfsfólk Náttúrustofu Vesturlands í lok árs 2002: Menja, Róbert, Sigga Beta og Sigrún



Menja von Schmalensee (B.S.), líffræðingur, vann í hlutastarfi á árinu. Hún starfaði að ýmsum verkefnum, s.s. stefnumótun Náttúrustofunnar, skipulagningu rannsóknaverkefna og gerð styrkumsókna, uppbyggingu rannsóknadstöðu, grafískri hönnun, undirbúningi að uppsetningu náttúrufræðisafns í Stykkishólmi og örverugreiningum vegna skólpmengunar. Hún eignaðist barn á árinu og tók orlof vegna þess.

Herdís G. Tómasdóttir starfaði sem aðstoðarmaður við minkarannsóknir seinni hluta septembermánaðar og allan október. Starf hennar fólst einkum í vitjun um minkagildir og merkingu á minkum.


RITASKRÁ OG FYRIRLESTRAR ÁRSINS

Skýrslur

- Róbert Arnar Stefánsson og Menja von Schmalensee (2002). [Saurgerlar í sjó við Ólafsvík, Rif og Hellissand](#). Skýrsla unnin fyrir Snæfellsbæ. Náttúrustofa Vesturlands, okt. 2002. 13 bls.
- Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson (2002). [Náttúrufræðisafn og ferðapjónusta í Egilsenshúsi](#). Skýrsla Náttúrustofu Vesturlands, okt. 2002. 11 bls.
- Róbert Arnar Stefánsson og Menja von Schmalensee (2002). [Ársskýrsla Náttúrustofu Vesturlands](#). 13 bls.

Greinargerðir

- Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson (2002). Áhrif innæxlunar og mengunar á viðkomu íslenska arnarstofnsins. Greinargerð með umsókn til fjárlaganefndar Alþingis, september 2002. 18 bls.
- Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee (2002). Vöktun refa, minka og mófugla í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Greinargerð með umsókn, september 2002. 6 bls.
- Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee (2002). Vöktun íslenska minkastofnsins. Greinargerð með umsókn, september 2002. 8 bls.





Fyrirlestrar

- Kynning á Náttúrustofu Vesturlands. Borgarafundur um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, haldinn í Félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík, 27. maí 2002.
- Kynning á Náttúrustofu Vesturlands fyrir bæjarstjórn Stykkishólms, 30. september 2002
- Kynning á Náttúrustofu Vesturlands fyrir bæjarráði Snæfellsbæjar, 28. nóvember 2002
- Kynning á minkarannsóknum Náttúrustofu Vesturlands. Fundur vinnuhóps á vegum æðarræktarhóps Samtaka verslunarinnar um eyðingu minks. Reykjavík, 2. desember 2002.
- Kynning á Náttúrustofu Vesturlands fyrir bæjarráði Borgarbyggðar, 12 desember 2002